

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
09.06.21	17:00	Odda-101 og Teams	1
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Hjördís Sveinsdóttir		09.06.21

Fundaraðilar mættir

**Félagsvísindasvið:**

Gísli Laufeyjar Höskuldsson fyrir Rebekku Karlsdóttur fyrir Röskvu  
 Erna Lea Bergsteinsdóttir fyrir Röskvu  
 Stefán Kári Ottósson fyrir Röskvu  
 Ellen Geirsdóttir Haakansson fyrir Vöku  
 Kjartan Ragnarsson fyrir Röskvu

**Heilbrigðisvísindasvið:**

Ingunn Rós Kristjánsdóttir fyrir Röskvu  
 Margrét Jóhannesdóttir fyrir Röskvu  
 Linnéa Stiernna fyrir Kristján Guðmundsson fyrir Röskvu

**Hugvísindasvið:**

Jóna Gréta Hilmarsdóttir fyrir Röskvu  
 Anna María Björnsdóttir fyrir Röskvu  
 Sigurður Karl Pétursson fyrir Röskvu

**Menntavísindasvið:**

Rósa Halldórsdóttir fyrir Röskvu  
 Rannveig Klara Guðmundsdóttir fyrir Röskvu  
 Hera Richter fyrir Erling Sigvaldason fyrir Röskvu

**Verkfræði- og náttúruvísindasvið:**

Ingvar Þóroddsson fyrir Röskvu  
 Inga Huld Ármann fyrir Röskvu  
 Helena Gylfadóttur fyrir Röskvu

**Aðrir (án atkvæðisréttar):**

Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ  
 Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti SHÍ  
 Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra SHÍ  
 Jessý Rún Jónsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ

*Alma Ágústsdóttir, alþjóðafulltrúi SHÍ*  
*Vífill Harðarson, lánasjóðsfulltrúi*

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

*Félagsvísindasvið:*

*Heilbrigðisvísindasvið:*

*Hugvísindasvið:*

*Menntavísindasvið:*

*Verkfræði- og náttúruvísindasvið:*

## Fundardagskrá

### Fundur Stúdentaráðs 9. júní 2021 í Odda-101 og á Teams kl. 17:00

*Agenda Student Council Meeting on June 9th 2021 in Oddi-101 and on Teams at 17:00*

1. Fundur settur 17:00

*Meeting begins*

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

*Vote/approval on minutes from last meeting*

3. Tilkynningar og mál á döfnni 17:05-17:25

*Announcements and issues ahead*

4. Kynning á Aurora samstarfinu 17:25-18:05

*Presentation on the Aurora collaboration*

5. Verklagsreglur Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:05-18:25

*Code of practice of the Student Council*

6. Hlé 18:25-18:35

*Intermission*

7. Tillaga um skipun starfshóps vegna Alþingiskosninga 2021 (atkvæðagreiðsla)

*18:25-18:40*

*Proposal on the appointment of a workgroup in regards to the parliamentary elections 2021*

8. Skipun fulltrúa stúdenta í gæðanefnd háskólaráðs (atkvæðagreiðsla) 18:40-18:50  
*Appointment of a student representative to the University Council's Quality Committee*
9. Önnur mál 18:50-19:00  
*Other issues*

1. Fundur settur

*Meeting begins*

- a. kl. 17:03

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)

*Vote/approval on minutes from last meeting*

- a. Ein athugasemd barst um að á einum stað stæði Vöku í stað Röskvu. Það hefur verið lagað.
- b. Atkvæðagreiðsla.
- c. 16 samþykkja og 1 situr hjá.
- d. Fundargerð samþykkt.

3. Tilkynningar og mál á döfinni

*Announcements and issues ahead*

- a. **Samskipti við rektorsskrifstofu:** Forseti á reglulega fundi með rektor yfir starfsárið og fer yfir hluti á döfinni. Mjög gott fyrir okkur að vita hvað öll eru að gera. Kemur sér vel þegar það er verið að skipuleggja eins og t.d. Háskólaþing.

*Linnéa Stierná mætir á fundinn kl. 17:08.*

- b. **Ráðningar á skrifstofu Stúdentaráðs:** Alma er nýr alþjóðafulltrúi er og Karitas er nýr ritstjóri. Karitas verður í 20% í sumar og hækkar svo í vetur. Alma er farin að huga að orientation days og mentorakerfinu. Framkvæmdastýra tilkynnir uppsögn sína. Það fer faglegt ráðningarferli aftur í gang og stjórn mun ráða inn nýjan einstakling. Miðað við að nýr framkvæmdastjóri taki við 1. júlí ef allt gengur eftir.
- c. **Félagsstofnun stúdenta:** Forseti er með áheyrnarrétt á fundi stjórnar FS og segir frá fyrirkomulagi þeirra. Ásamt forseta eru þrír fulltrúar stúdenta. Á eftir verður tekið fyrir verklag um skipun í stjórn FS.
- d. **Fjárhagsstaða stúdenta:** Samskipti við mennta- og menningarmálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Isabel hefur ítrekað sent póst á aðstoðarmann mennta- og menningarmálaráðherra. Forseti LÍS, fyrrum formaður SHA, Isabel og Sara eru í þeim tölvupóstsamskiptum. Við áttum að eiga fund með aðstoðarmanni fjármálaráðherra til

- þess að fá að vita um þessa tímabundnu hækkun á grunnframfærslu, en þau fá ekki svar við póstunum.
- e. **Háskólaþing:** Fór fram 25. maí sl.. Þar var kynnt heildarstefna Háskólans, sem SHÍ hefur haft aðkomu að. Fór svo undir Háskólaráð, en fundargerðin kom út í dag.
  - f. **Skipun í Stúdentasjóð:** Upplýst um skipun Stúdentasjóðs á döfinni og hlutverk sjóðsins. Við þurfum að skipta fyrir 15. september. Þetta eru tvær tilnefningar frá SHÍ sem við munum kjósa um á fund okkar í ágúst og sviðsráðin sem kjósa einn fulltrúa í stjórn Sjóðsins. Isabel hefur óskað eftir því að lagabreytingarnefnd taki fyrir lög Sjóðsins. Á ágústfundi verður líklega kosið um lög Sjóðsins.
  - g. **Staða á stefnumótunarferð:** 10. - 11. júlí, laugardagur og sunnudagur. Ætlumst til að öll í SHÍ mæti. Vinna að framkvæmdaáætlun nefnda. Stúdentaráðsliðum, nefndarmeðlimum og fulltrúum nemenda í Háskólaráði boðið. Dagskrá um daginn og hópefli á kvöldin. Það verður þátttökugjald sem stjórn Stúdentaráðs tekur fyrir.

*Jessý Jónsdóttir mætir á fundinn k. 17:22.*

- h. **Hagsmunaskrá Stúdentaráðs:** Samkvæmt lögum Stúdentaráðs hafa allir meðlimir Stúdentaráðs upplýsingaskyldu gagnvart ráðinu og stúdentum vegna starfa sinna inn félags- og stjórnmalastarfs. Skráin er þannig samansafn af upplýsingum um starfsemi fulltrúana til að auka gagnsæi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Öll innan Stúdentaráðs sem skrá í hagsmunaskrána.
- i. **Handbók Stúdentaráðs 2021-2022:** Tól allra meðlima Stúdentaráðs sem skal hafa innan handar. Isabel er búin að setja hana inn í heimasvæðið okkar í Outlook, sem og pistilinn fyrir maímánuð.
- j. **Stjórn Stúdentaráðs:** Hittist 3. júní og för yfir verklagsreglur stjórnar og skrifstofu sem voru samþykktar. Tókum líka fyrir skipun í stjórn FS, tillögu um starfshópin og sömu tilkynningar og mál og döfinni.

#### 4. Kynning á Aurora samstarfinu

*Presentation on the Aurora collaboration*

- a. Harpa Sif Arnarsdóttir verkefnisstjóri Aurora af rektorsskrifstofu kynnir fyrir ráðinu Aurora samstarfið.
- b. Sjá upptöku fyrir kynningu.

*Anna María Björnsdóttir mætir á fundinn kl. 17:35*

- c. IRK spyr. Áhugavert að ætla að gera þetta á 3 árum. Mjög gott og jákvætt, en það vantar mjög mikið upp á aðgengi fyrir stúdenta sem hafa ekki íslensku sem móðurmál. Mikil mótstaða frá deildum og sviðum. Væri gaman ef að Aurora væri

með stúdentum í liði. Leyfa orðabækur, hafa próf líka á ensku og margt fleira. Vildi vita hvort að Aurora væru að fara að beita sér fyrir þessu líka?

- i. Harpa svarar að þau séu að beita sér þessu fyrir líka. Mismunandi eftir námsleiðum hvað er hægt að gera. Þar sem enskan er hindrun, leita annarra leiða til alþjóðavæðingar. Vendikennsla. Það er vinnupakki í þessu samstarfi sem heitir multilingualism. Einnig vinnupakki sem heitir inclusion and diversity. Þjóna þörfum mismunandi einstaklingum út frá mismunandi bakgrunnum. Getur verið að halda svona hlutum á lofti.
- d. Jessý spyr. Hefur tekið eftir því að erlendir skólar hafa kennt t.d. helminginn í því landi og helminginn í öðru landi.
  - i. Harpa svarar að þetta er eitt af því sem þau vilja gera.
- e. Jessý spyr. Ef mann langar að taka þátt og verða ambassador.
  - i. Harpa segir að það sé hlekkur inni á hi.is/Aurora undir „Fyrir nemendur“. Þau sem vilja taka þátt fá að fara á fund með þeim sem stýra stúdentahliðinni á þessu úti. Henni skilst að það sé frjálst á hvaða hátt fólk vill taka þátt. Væri til í að fólk fengi einingar fyrir þetta en það þarf kerfi fyrir það, til að halda utan um framlag. Gerir ráð fyrir að það megi skrá þetta í skírteinisviðauka, eins og með mentor verkefni, en ætlar ekki að slá því á fast. Hún veit að fólk hefur fengið flott viðurkenningarskjal undirritað af fólkinu úti. Gott ef við erum að reka okkur á eitthvað, markmið Háskólans að virkja nemendur í þessu.
- f. Isabel finnst þurfa að gera betur grein fyrir Aurora innan háskólans, kannski með aðkomu markaðs- og samskiptasviði.
  - i. Harpa segir að mark-og sam. séu mjög opin fyrir því að keyra herferð um Aurora. Ræddu við Emily um að gera flott myndband um af hverju þetta er mikilvægt og þess háttar. Vilja að það verði til Aurora námsleiðir í náninni framtíð, en margt sem þarf að gerast til að það verði sjálfgengið.
- g. Isabel segir að í stúdentaráði Aurora sitji 2 fulltrúar SHÍ, alþjóðafulltrúi og einn annar af skrifstofu SHÍ. Kosið af stjórn í júlí.

## 5. Verklagsreglur Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla)

### *Code of practice of the Student Council*

- a. Verklagsreglur fyrir starfsárið 2021-2022 bornar upp til samþykktar. Þær má finna í fundargögnum.
- b. Nýtt í verklagsreglunum eru verklagsreglur um skipun í stjórn FS.
  - i. Umræða um hvort ætti að taka fram að skipað er til tveggja ára. Bætt inn í lok greinar.

- c. Annað er verklagsreglur um skipan í nefndir í háskólaráðs.
  - i. Óski fulltrúi eftir að halda áfram í nefnd þar sem ekki er sérstaklega tilgreint sæti í skuli stjórn Stúdentaráðs taka beiðnina fyrir.
- d. Viðbót um upptöku Stúdentaráðsfunda.
  - i. Spurning um persónuverndaryfirlýsingu.
  - ii. Isabel segir að þegar þetta var tekið fyrir síðast í stjórn þá voru löglærðir einstaklingar sem sögðu að ef Stúdentaráð samþykkir þá sé það í lagi.
  - iii. IRK spyr um lokaða liði.
  - iv. Isabel svarar að það væri ekki tekið upp.
  - v. Bætt inn í verklag um að gera skal hlé á upptöku á meðan lokaður dagskrárliður stendur yfir.
- e. Isabel leggur til að kosið sé um verklagsreglur Stúdentaráðs í heild sinni.
- f. Atkvæðagreiðsla.
- g. 16 samþykkja og 1 situr hjá.
- h. Verklagsreglur samþykktar

## 6. Hlé

### *Intermission*

- a. Hlé tekið 18:28-18:38

*Alma Ágústsdóttir yfirgefur fundinn kl. 18:30.*

## 7. Tillaga um skipun starfshóps vegna Alþingiskosninga 2021 (atkvæðagreiðsla)

*Proposal on the appointment of a workgroup in regards to the parliamentary elections 2021*

- a. Tillaga borin upp af forseta og varaforseta Stúdentaráðs. Varaforseti flytur tillöguna.
- b.

*Stúdentaráðsfundur  
9. júní 2021*

### **- TILLAGA - um skipun starfshóps vegna Alþingiskosninga 2021**

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs starfræki starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna að herferð Stúdentaráðs í tengslum við Alþingiskosningarnar 2021. Starfshópurinn skal samanstanda af sex meðlimum Stúdentaráðs og skulu þeirra vera af skrifstofu ráðsins. Starfstímabilið skal vera frá júní 2021 til október 2021.

**Rökstuðningur**

Þann 25. september 2021, verður kosið til Alþingis. Munu kosningarnar hafa áhrif á núverandi og framtíðar námsfólk Háskóla Íslands, þar sem mögulega mun nýr ráðherra taka við málaflokknum og munu menntamálastefnur stjórn málaflokkanna hafa áhrif á áherslur innan málaflokksins. Til að undirstrika mikilvægi þess að hagsmunir stúdenta séu í fyrirrúmi fyrir næsta kjörtímabil á Alþingi er mikilvægt að Stúdentaráð vinni að herferð er snýr að komandi alþingiskosningum og útfæri viðburði og aðgerðir með það að markmiði að upplýsa stúdenta um stefnur og áherslur stjórn málaflokkanna. Mun þetta einnig gera námsfólki auðið tækifæri á að taka upplýsta ákvörðun er varðar hag sinn í alþingiskosningunum 2021.

Vegna þess er lagt til að skipaður sé starfshópur innan Stúdentaráðs til að vinna að herferð, viðburðunum og aðgerðum henni tengdri. Hópurinn skal vera leiddur af starfsmanni skrifstofu Stúdentaráðs og skulu meðlimir vera alls sex talsins, þar af þrír af skrifstofunni sem verða forseti, varaforseti og lánasjóðsfulltrúi, og hinir þrír úr röðum meðlima Stúdentaráðs. Leitast skal eftir því að meðlimirnir gegni ekki trúnaðarstörfum fyrir stjórn málaflokk í framboði.

Markmið starfshópsins væru eftirfarandi:

- Vinna að herferð Stúdentaráðs vegna kosninga til Alþingis 2021. Því fylgir að kjarna málstaðinn og leita leiða til að framkvæma herferðina.
- Kortleggja aðgerðir og viðburði sem hægt er að framkvæma til að upplýsa stúdenta um stefnur og áherslur stjórn málaflokkanna og auðvelda þeim að taka upplýsta ákvörðun í kosningunum.
- Stuðla að aukinni stjórn málaumræðu og kosningaþátttöku meðal stúdentahópsins við Háskóla Íslands.

*Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*  
*Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

- c. Starfshópurinn mun undirbúa herferð. Hlutverk tvískipt, að fá frambjóðendur til að taka á málefnum stúdenta, en líka að auka kosningaþátttöku stúdenta.
- d. IRK spyr hvað gerist ef fleiri en 3 sækja um.
  - i. Sara segir það muna vera lagt undir stjórn Stúdentaráðs.
  - ii. Isabel segir að þessi takmörkun sé bara vegna þess að það þarf að vinna þetta hratt, en það þarf kannski ekki að festa þetta endilega of mikið í skorðum. Ef það eru fleiri áhugasöm sé hægt að skoða það. Mikilvægt að fólk taki jafnan þátt.

iii. Breytingartillaga:

Stúdentaráðsfundur

9. júní 2021

### - TILLAGA -

#### um skipun starfshóps vegna Alþingiskosninga 2021

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs starfræki starfshóp sem hafi það hlutverk að vinna að herferð Stúdentaráðs í tengslum við Alþingiskosningarnar 2021. Starfshópurinn skal samanstanda af sex meðlimum Stúdentaráðs og skulu þrír þeirra vera af skrifstofu ráðsins. Starfstímabilið skal vera frá júní 2021 til október 2021.

#### Rökstuðningur

Þann 25. september 2021, verður kosið til Alþingis. Munu kosningarnar hafa áhrif á núverandi og framtíðar námsfólk Háskóla Íslands, þar sem mögulega mun nýr ráðherra taka við málaflokknum og munu menntamálastefnur stjórn málaflokkanna hafa áhrif á áherslur innan málaflokksins. Til að undirstrika mikilvægi þess að hagsmunir stúdenta séu í fyrirrúmi fyrir næsta kjörtímabil á Alþingi er mikilvægt að Stúdentaráð vinni að herferð er snýr að komandi alþingiskosningum og útfæri viðburði og aðgerðir með það að markmiði að upplýsa stúdenta um stefnur og áherslur stjórn málaflokkanna. Mun þetta einnig gera námsfólki aukið tækifæri á að taka upplýsta ákvörðun er varðar hag sinn í alþingiskosningunum 2021.

Vegna þess er lagt til að skipaður sé starfshópur innan Stúdentaráðs til að vinna að herferð, viðburðunum og aðgerðum henni tengdri. Hópurinn skal vera leiddur af starfsmanni skrifstofu Stúdentaráðs og skulu meðlimir vera umalls sex talsins, þar af þrír af skrifstofunni sem verða forseti, varaforseti og lánasjóðsfulltrúi, og hinir ~~þrír~~ úr röðum meðlima Stúdentaráðs. Stjórn Stúdentaráðs skal taka fyrir umsóknir í starfshópinn ef fleiri en þrjár umsóknir berast. Leitast skal eftir því að meðlimirnir gegni ekki trúnaðarstörfum fyrir stjórn málaflokk í framboði.

Markmið starfshópsins væru eftirfarandi:

- Vinna að herferð Stúdentaráðs vegna kosninga til Alþingis 2021. Því fylgir að kjarna málstaðinn og leita leiða til að framkvæma herferðina.
- Kortleggja aðgerðir og viðburði sem hægt er að framkvæma til að upplýsa stúdenta um stefnur og áherslur stjórn málaflokkanna og auðvelda þeim að taka upplýsta ákvörðun í kosningunum.



- Stuðla að aukinni stjórn málaumræðu og kosningaþátttöku meðal stúdentahópsins við Háskóla Íslands.

*Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*  
*Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands*

- Atkvæðagreiðsla um breytingartillöguna.
    - 16 samþykkja og 1 situr hjá.
  - Atkvæðagreiðsla um tillöguna í heild sinni.
    - 17 samþykkja.
8. Skipun fulltrúa stúdenta í gæðanefnd háskólaráðs (atkvæðagreiðsla)

*Appointment of a student representative to the University Council's Quality Committee*

- Isabel leggur til að þessum lið verði settur í rafræna atkvæðagreiðslu svo að Stúdentaráð geti kynnt sér umsækjendur.
- Isabel leggur til að loka dagskrárlið. Samþykkt einróma.

*Kjartan Ragnarsson yfirgefur fundinn kl. 19:05*

*Vífill Harðarson yfirgefur fundinn kl. 19:08*

## 9. Önnur mál

*Other issues*

- Isabel leggur til atkvæðagreiðslu að taka til umræðu tillögu um ráðningu sumarstarfsmanns á skrifstofu Stúdentaráðs.
  - Atkvæðagreiðsla. Samþykkt einróma.
- Isabel ætlar að leggja tillöguna til rafrænnar atkvæðagreiðslu. Var til umræðu í stjórn í síðustu viku. Leggur til að ráða starfsmann í sumarstarf á skrifstofu Stúdentaráðs um að afla upplýsinga til að kortleggja stöðu stúdenta innan velferðarkerfisins.
- 

9. júní 2021

### TILLAGA um ráðningu sumarstarfsmanns á skrifstofu Stúdentaráðs

Undirrituð leggja til að sumarstarfsmaður sé ráðinn á skrifstofu Stúdentaráðs til þess að annast kortlagningu á fjárhagsstöðu stúdenta á Íslandi. Markmiðið er að afla upplýsinga og gagna sem gefa munu betri innsýn í stöðu stúdenta við mismunandi aðstæður og réttindi þeirra innan velferðarkerfisins. Þannig fái Stúdentaráð skýrari mynd sem mun koma til með að nýtast í áframhaldandi

beitingu fyrir rétti stúdentanna innan atvinnuleysistryggingakerfisins og námslánakerfisins, sem og auknar áherslur fyrir komandi Alþingiskosningar.

### Rökstuðningur

Stúdentaráð hefur staðið fyrir mikilli upplýsinga- og gagnaöflun í tengslum við fjárhagsstöðu stúdentanna, og verið mjög ákveðið og skýrt í kröfum sínum um sanngjörn og viðunandi kjör stúdentanna til jafns við annað vinnandi fólk. Úrbætur í lagaumhverfinu og langtímalausnir á vinnumarkaði samhliða í átt að fjárhagslegu öryggi fyrir allan stúdentahópinn eru nauðsynlegar. Vegna þessa heldur Stúdentaráð áfram kröfum sínum á lofti um rétt stúdentanna til atvinnuleysisbóta og hækkun grunnframfærslu framfærslulána hjá Menntasjóði námsmanna. Heildstæðari gagna- og upplýsingaöflun um fjárhagsstöðu stúdentanna og kortlagningu til lengri tíma er þörf og því er hér lagt til að ráðinn sé inn starfsmaður yfir sumarið sem sinni þeirri afmarkaðri vinnu.

Líkt og fyrr segir væri hlutverk og starf sumarstarfsmanns að afla sér upplýsinga og gagna um réttindi stúdentanna á hinum ýmsum sviðum innan velferðarkerfisins hérlandis. Skoða skal því fjárhagsstöðu allra stúdentanna á Íslandi, svo sem alþjóðanema, foreldra í námi og öryrkja þannig að hægt sé að fá betri mynd á fjölbreyttum hópi stúdentanna. Starfsmaðurinn sér eingöngu um upplýsinga- og gagnaöflun en það er skrifstofa Stúdentaráðs í samráði við stjórn og Stúdentaráð sem ákveður hvernig nota skuli efnið. Það liggur beinast við að afraksturinn muni styrkja málstað stúdentanna í tengslum við rétt stúdentanna innan námslánakerfisins og atvinnuleysistryggingakerfisins, sem og færa frekari stoð undir fleiri, eða jafnvel nýjar, áherslur fyrir komandi Alþingiskosningar.

Markmiðið er því að betrubæta til lengri tíma gögnin sem Stúdentaráð hefur þegar aflað sér og notast við auk þess að hægt verður að nýta afraksturinn í herferðarefni ráðsins, í samráði við starfshóp Stúdentaráðs um Alþingiskosningar. Ráðningarferli skal fara fram samkvæmt 26. gr. laga Stúdentaráðs um ráðningu starfsfólks á réttindaskrifstofu þess.

Skrifstofa Stúdentaráðs hefur farið þess á leit við Háskóla Íslands að Stúdentaráð fái fjárframlög til að ráðstafa í ráðningu sumarstarfsmannsins og hefur rektor orðið við þeirri beiðni.

Isabel Alejandra Díaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands  
Sara Þöll Finnbogadóttir, varaforseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

### Drög að starfsauglýsingu:

*Stúdentaráð Háskóla Íslands auglýsir stöðu verkefnastjóra lausa til umsóknar.*

Um er að ræða tveggja mánaða sumarstarf á réttindaskrifstofu Stúdentaráðs við að annast kortlagningu á fjárhagslegu öryggi stúdenta. Hlutverkið felur í sér að afla upplýsinga og gagna um réttindi stúdenta innan velferðarkerfisins en markmiðið er að fá skýrari mynd á fjárhagsstöðu stúdenta. Þá skal sérstaklega skoða réttindi stúdenta til atvinnu- og tekjuöryggis, heilbrigðisþjónustu, menntun og félagslegri þjónustu. Verkefnastjóri hefur umsjón með upplýsinga- og gagnaöfluninni í samráði við skrifstofu og stjórn Stúdentaráðs.

#### Hæfniskröfur:

- Áhugi á Stúdentaráði og málefnum stúdenta.
- Þekking og reynsla á fjármálum, greiningarvinnu og hagrannsóknum
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Önnur þekking og reynsla sem nýtist í starfi.
- Vilji og geta til þess að vinna með stúdentaráðsliðum, starfsmönnum skrifstofu Stúdentaráðs og öðrum hagsmunaaðilum ráðsins.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af stjórnun og stefnumótun er kostur.
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt.

Verkefnastjóri er ráðinn í 100% starf frá 1. júlí til 31. ágúst eða eftir nánara samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið fást hjá forseta eða varaforseta Stúdentaráðs í síma 570-0856 eða á netfangið [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is).

Kynningarbréf ásamt ferilskrá og meðmælum skal senda í tölvupósti á netfang ráðsins: [shi@hi.is](mailto:shi@hi.is) merkt „Verkefnastjóri SHÍ“. Umsóknarfrestur er til kl. 23:59 þann 20. júní 2021. Umsóknir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

- d. Isabel gerir sér grein fyrir að það er kominn júní og ekkert víst að það finnist aðili í starfið, en finnst að við ættum að reyna. Isabel fór á fund með rektor til að ræða þessa hugmynd. Rektor samþykkti fjármögnun á þessu.
- e. Umræða um hvort Stúdentaráð sé tilbúið að kjósa um tillöguna núna.

Linnéa Stierná yfirgefur fundinn.

- f. ELB spyr um menntun sem nýtist í starfi.
  - i. Isabel svarar að það sé opið, hagfræði, viðskiptafræði, greinar sem hafa hæfni til að greina gögn.
- g. Isabel gerir grein fyrir hugmyndinni. Það var mikill afgangur úr Stúdentasjóði. Þá fór skrifstofan að skoða hvernig Stúdentaráð getur nýtt það fjármagn. Það hefur aldrei verið svona mikill afgangur í Stúdentasjóði, en það er vegna þess að það hefur ekki verið sótt um styrk vegna ráðstefnuferða og þess háttar. Í haust mun koma viðbótarfjármagn til þess að stúdentasjóður sé fullur, því þetta er peningur sem kemur

frá Háskólanum og fjármagn fyrir sumarstarsfmann mun ekki koma til lækkunar í Stúdentasjóði.

- h. Atkvæðagreiðsla.
- i. 14 samþykki, 1 situr hjá.

Fundi slitið kl. 19:32